

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 577/2003 um ávaxtasafa, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. hluta viðauka 1:

Í stað d-, e- og f-liða koma nýir liðir sem orðast svo:

- d) pektínkljófandi ensím, sem uppfylla kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum.
- e) prótínkljófandi ensím sem uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1332/2008.
- f) sterkjukljófandi ensím sem uppfylla kröfur reglugerðar (EB) nr. 1332/2008.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum og til innleiðingar á 22. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. október 2011.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.